

**Sp.**

**418. Tillaga til þingsályktunar**

[199. mál]

um að varðveita Björnsstein á Rífi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Jón Árnason, Ásgeir Pétursson, Ásgeir Bjarnason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta varðveita svonefndan Björnsstein á Rífi á Snæfellsnesi og búa um hann eftir fyrirmælum þjóðminjavarðar. Skal kostnaður teljast með stofnkostnaði landshafnar á Rífi.

**Greinargerð.**

Spölkorn upp af norðurgarði hinnar nýju Rífhafnar á Snæfellsnesi eru klettur, en fram undan þeim bjarg, hálsokkið í sand. Rétt við bjargið liggur vegur upp á Háarif, sem nú heitir, en þar er fyrsta röð íbúðarhúsa þeirrar borgar, sem mun rísa við landshöfnina. Spölkorn frá bjarginu er nýleg verbúðabygging, og fram undan henni hamast stórvirkar vélar við hafnargerð.

Bjargið í sandinum er svonefndur Björnssteinn, stundum kallaður Bjarnarsteinn. Herma munnmæli, að þarna hafi Björn ríki Þorleifsson fallið í viðureign við enska kaupmenn fyrir fimm öldum. Á hann að hafa barizt vasklega á klettunum, en hörfað undan ofurefli niður á steininn og verið hálshöggvinn þar.

Síðla sumars árið 1467 hélt Björn hirðstjóri út á Snæfellsnes, þar sem enskir kaupmenn, Lynnverjar, höfðust við og ráku óleyfilega verzlun. Ekki ber heimildum saman um þeirra skipti, nema hvað dró til vopnaviðskipta og falls hirðstjóra. Færðu Englendingar lík hans á skip út, köstuðu því síðan í sjóinn, rændu fólk og brenndu bæi.

Atburður þessi hefur lifað í minningum Íslendinga. Hefur sérstakur ljómi verið um viðbrögð konu Björns, Ólafar Loftsdóttur, er á að hafa mælt, er hún frétti fall bónda síns: „Ekki skal gráta Björn, heldur safna liði.“

Sjálfsgagt virðist að varðveita þann stein, sem slíkar minningar hafa verið tengdar við í fimm aldir. Veldur það landshöfninni engum vanda, en getur orðið henni til prýði, ef vel tekst. Tillaga þessi er flutt til að fá fyrirmæli Alþingis um, að kostnaður við að ganga frá Björnssteini til frambúðar skuli greiddur af landshöfninni á Rífi, þar sem steinninn er á sjálfu hafnarsvæðinu.